



Mennta- og barnamálaráðuneytið
b.t. Ásmundar Einars Daðasonar, mennta- og barnamálaráðherra

Reykjavík 8. september 2023

Efni: Samráð við nemendur um sameiningu skólanna MA og VMA

Umboðsmanni barna hefur borist erindi frá fulltrúum nemenda við Menntaskólann á Akureyri þar sem fram kemur að nemendur séu ósáttir við að samráð hafi ekki verið haft við nemendur um sameiningu Menntaskólans á Akureyri og Verkmenntaskóla Akureyrar.

Samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 19/2013, skulu allar ákvarðanir og/eða ráðstafanir yfirvalda er varða börn byggðar á því sem þeim er fyrir bestu sbr. 3. gr. Barnasáttmálans. Mat á því sem er börnum fyrir bestu á ávallt að liggja til grundvallar ákvarðanatöku af hálfu hins opinbera. Slíkt mat ber að framkvæma áður en ráðist er í aðgerðir sem varða börn með einum eða öðrum hætti. Hluti af slíku mati er að veita börnum tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og að réttmætt tillit sé tekið til skoðana þeirra. Þá kveður 12. grein Barnasáttmálans á um rétt barna til að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska.

Á undanförunum árum hafa verið gerðar viðamiklar breytingar í skólakerfinu án þess að mat á bestu hagsmunum hafi verið framkvæmt og án þess að leitað hafi verið eftir skoðunum nemendanna sjálfra. Má þar nefna styttingu framhaldsskólans, breytt einkunnakerfi í grunnskólum og mótun stefnu í menntamálum.

Í lokaathugasemdum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna til Íslands vegna 5 og 6 skýrslu Íslands til nefndarinnar kemur fram að þó 3. gr. sáttmálans hafi verið lögfest hér á landi hafi nefndin áhyggjur af ómarkvissri beitingu þessarar grundvallarreglu við meðferð mála hjá stjórnvöldum. Það er mikilvægt að stjórnvöld bregðist við þessari gagnrýni.

Það er réttur barna að vera höfð með í ráðum við skipulag menntunar og skylda stjórnvalda að veita þeim raunverulega tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og hafa áhrif í samræmi við 12. gr. Barnasáttmálans.

Umboðsmaður barna óskar eftir að fá upplýsingar um það hvort og þá hvernig mennta- og barnamálaráðuneytið hafi lagt mat á bestu hagsmuni barna við ákvarðanatöku um sameiningu Menntaskólans á Akureyri og Verkmenntaskóla Akureyrar. Hvort nemendur hafi fengið tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og hvort samráð hafi verið haft við nemendur og þá með hvaða hætti.

Samkvæmt 5. gr. laga um umboðsmann barna, nr. 83/1994, er stjórnvöldum skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna